

KARATE BLAÐIÐ

2.Tbl. 2.Árg.

Október 1982.

útg. SHOTOKAN KARATEFELAGIÐ.

Fritt til félagsmanna SKF.

Lausasala: 20.-



Sigrún Þóra Sig '82

Medal efnis i bladinu:

STEVE CATTLE

KIMIEWAZA

UMISK MÓT

ADSKOTADÝR

FRÀ ritstjóra.

2

Nú er loksins briðja Karate-bleðið komið út, en seinkunin hefur orðið meiri en búist var við. Er það einkum vegna þess hve erfitt er að ná ritnefnd seman að sumri til, þar sem allflestir voru utanlands. Það atti bó ekki að koma að sök, því fáir hafa verið við æfingar í sumar og nú enn einu sinni kemur bleðið stærra og fjölbreyttara en óur, sem er gott dæmi um það hveð Shotokan karate íþróttin hefur sukið hér á landi. Viðtölin eru með svipuðum hætti og óur, reynt er að kynna allflestir sjálfsvarnaríþróttir á Íslandi, en þar með teljast Kimewaza og fleiri Kung Fu félög

sem sjálfsagt eiga eftir að skjóta upp kollinum.

Tvö ný félög hafa verið stofnud: FH í Hafnarfirði og Sindri í Höfn á Hornafirði, sem sjálfsagt eiga eftir að láta eitthvað að sér kveða á næsta ári, og munum við þá birta greinar um þau.

Eg vil f lokin banda lesendum að vera ófeimnir með að koma með efni og hugmyndir til ritnefndar á æfingatímum Shotokan Karate Félagsins, Brautarholti 18.

B.A.

Ritnefnd: Pórður Antonsson
Hjörðís Harðardóttir
Steinþór Jónasson
Hreiðar Gunnlaugsson
Sigrún Guðmundsdóttir

Efni: Karl Gauti Hjaltason
Hreiðar Gunnlaugsson
Hjörðís Harðardóttir
Steinþór Jónasson
Pórður Antonsson
Jakob Árnason
Sigrún Guðmundsdóttir
Linda B. Hafsteinsdóttir

Forsíðu blaðsins hannaði: Sigurður Valur Sigurðsson

A síðasta kvöldi Sensei Steve Cattle hér á landi í apríl s.l. náði ég loks í auða stund til þess að tala við hann í róleg-heitunum, og festa nokkra punkta niður á blað fyrir lesendur KARATEBLAÐSINS.

Fyrr um kvöldið hafði verið rúmlega tveggja tíma æfing og síðan snætt frábæran kvöldverð í boði formanns KFR, loks var þotið þaðan í kveðjusamkundu á vegum SKF til heiðurs Steve.

Og loks um miðnæturbil var ég einn með meistararnum okkar og hefst handa við að kíla vömbina af fróðleik hans og setja það helsta fyrir ykkur til neyslu síðar, jafnvel væri hægt að kalla þetta fróðleiksveislur, niðursoðna.

- Fyrst spurði ég spurningu sem skylda er að spyrja í slíkum viðtölum.; - Hvernig líkar þér á Íslandi?

- Mjög vel, því hér eru allir mjög vingjarnlegir og ég verð mjög afslappaður í umgengni, jafnvel finnst mér ég stundum vera íslendingur.

- Eru Karateiðkendur á Íslandi jafn áhugasamir og í öðrum löndum, þar sem þú hefur kennt?

- Já og Nei, mjög svipaðir og á hinum norðurlöndunum, en t.d. í Englandi æfir fólk meir og reglulegar en þið, þetta gæti stafað af því að hér á fólk oft mun lengri vinnudag að baki, þegar það kemur á æfingu og er þá orðið slæpt og illa upplagt.

- Er unnt fyrir okkur að komast jafnfætis öðrum þjóðum sem komnar er langt í Karate, með tilliti til þess að bjálfarar koma hér aðeins sjaldan og þá í stuttan tíma í einu?

- Já, þetta hef ég séð gerast annar staðar, því þegar fram líða stundir hækkar standartinn smá saman, og vinnu þessarra bjálfara má ekki aðeins meta í pann stutta tíma sem þeir eru hér heldur einnig að á þeirra kennslu er byggt í milltíðinni.

- En hvernig er staða okkar miðað við hinar norðurlandabjóðirnar?

- Þið standið þeim alls ekki

langt að baki, og gætuð gert góða hluti nú þegar. En í þessu sambandi vil ég segja að keppnir kenna ykkur ekki mjög mikil, heldur segja ykkur aðeins hve góðir þið eruð (eða slæmir) og þið getið unnið á því.

- Er Karate á réttri leið í dag miðað við upphaflegu iðkun þess á Okinawa?

- Á Okinawa var æft til þess að geta varið sig og drepið, en í nútíma sportkarate er reynt að gera hlutina meir tæknilegri og öruggari þannig að hægt sé að slást án þess að meiða, en gera það samt vel.



- I starfi félaganna hér höfum við oft orðið varir við að fólk kemur til æfinga í misjöfnum tilgangi, sumir koma til að æfa upp líkamlegt atgervi, aðrir til að geta varið sig, enn aðrir vilja verða keppnismenn og síðan þeir sem vilja iðka sálræna hluta Karatefþróttarinnar sem í augum almennings er mjög eftirsóknarverður, hvernig er hægt að uppfylla allar þessar óskir samtímis?

- Í sportkarate er reynt að nálgast þetta sem mest, en sportkarate hentar einkar vel hér á Íslandi, því iðkendur eru hér mjög ungir miðað við annar staðar. Í sambandi við anda Karate, þá má ekki gleyma því að til bess að ná árangri í þjálfun hugans verður fyrst að ná árangri í þjálfun líkamans, þ.e. ef þú getur ekki stjórnað líkama þínum, þá átt þú erfðara með að ná valdi yfir tilfinningum þínum og huga, því auðveldara er að stjórna líkamanum en huganum, svo fólk sem ætlar að ná inntaki Karate verður fyrst að ná taki á líkamlega þættinum, bess vegna skiptir tíminn svo miklu máli.

- Hvernig næst sem mest út úr Karateæfingunum?

- Þrijú mikilvægustu atriðin við æfingu Karate eru.;

1. Að læra að stjórna líkama, huga og tilfinningum í gegnum æfingu Karate.
2. Að reyna alltaf til hins ítrasta að gera allt sem réttast, af eins miklum krafti og athygli og unnt er.
3. Að njóta æfinganna.

- Hver er munurinn á Kata og Kumite?

- Alls enginn, Kata og Kumite er ekki ólík, og ætti ekki að vera það, t.d. ef við höfum pening sem hefur tvær hliðar, þá er hann einn hlutur með tveimur hliðum, alveg eins og Kata og Kumite. Þegar Kata er orðin góð, á hún að vera eins og Kumite, sterk og kraftmikil. Og þegar Kumite er mjög góður á hann að vera eins og Kata, fallegur og mjúkur. Kata verður aðeins falleg, sé hún gerð rétt, kraftmikil og með réttri tæmingu, annars væri engin Kata. Kata er aðeins til staðar sé hún rétt gerð.

- Hver er besta ástæðan til æfingu Karate?

- Karate er bardagi við sjálfan sig, þú verður að berjast við veikleika bína, leti bína og fá líkama þinn til bess að gera tækniatriðin rétt og þegar þú hefur unnið

orrustuna við sjálfan þig átt þú næsta auðvelt að sigrast á óvinum þínum.

- Hvað hugsar þú á meðan þú keppir?

- Ekkert, þú verður að vera eins og vatn, það getur breyst í ís, gufu og lagað sig eftir því íflati sem það er sett í, og það getur einnig breiðst yfir gölfíð sé því hellt á það. Þú verður að fá það besta frá sjálfum þér.

Megintilgangur keppna er sá að efla áhuga og til að auka samskipti, sem er jú aðaltilgangur með öllu mótsþaldi.

- Hvernig er tilfinningin að vinna stórmót?

- Nú orðið er þetta ekki lengur spurning um sigur, ég hef oft orðið ánægðari eftir að hafa lent í 2 eða 3 ja sæti heldur en no 1. Þá hefur maður eitthvað til að vinna að, en ef maður verður sigurvegari, þá er þeirri keppni aðeins lokið og maður hugsar ekki meira um það.

- Hvað keppirðu oft á ári?

- Eg keppi ekki oft núna, en áður fyrr keppti ég oftast á tveggja vikna fresti, en nú aðeins á stórmótum ci. 8 sinnum á ári.

- Hvaða keppnir hefurðu unnið?



(Þessari spurningu ætlaði ég aldrei að fá hann til að svara, en það hafðist þó í lokin).;

- Eg hef orðið Breskur meistari allra stíla tvisvar 1971 og 1976. KUGB (Shotokan) meistari í Bretlandi 1974, 1978 og nú síðast 1981, svo hef ég aldrei verið aftar en í þriðja sæti í þeirri keppni síðan 1973. Með Breska landsliðinu hef ég alls sex sinnum orðið Evrópumeistari, síðast 1979, 1980 og 1981. I Heimsmeistarakeppninni höfum við orðið no 3. 1977 í Tókíó og aftur 1980 í Bremen, næsta HM verður haldið í Karió 1983, en þessi keppni er haldin á briggja ára fresti. I Kata hef ég oft orðið no 2 og 3 í KUGB og einnig í allra stíla (GB) en aldrei no 1, til þess er ég líklega of stuttur og þess vegna verður Kata hjá mér aldrei falleg til sigurs, (Hér hló hann sínum smitandi hlátrí). Annars fæ ég ekki eins mikil út úr einstaklingskeppnum og sveitakeppnum, því það veitir

mér meiri ánægju að vita til þess að hafa stuðlað að árangri lands míns eða félags t.d. en þegar ég er að keppa einn. Nú fæ ég aðeins ánægju út úr bardaganum sjálfum, ekki sigrinum.

Að lokum spurði ég hann hvort hann langaði að koma aftur til Íslands?

5



- Já, mjög mikið, það er gaman að sjá fólk verða betra og betra í hvert skipti, það er eins og að gróðursetja plöntur og fylgjast svo með þeim vaxa.
- Síðan á ég marga góða vini á Íslandi og ekki má ég gleyma að faðir minn dvaldist hér á landi um 1935-1939 á Akureyri og hefur alltaf verið að segja mér frá landinu frá því ég man eftir mér, svo mér fannst ég alltaf kannast við mig hér.

K.G.H.

*

EVROPUMÓT 82

Evrópumótið í Karate fór fram í Gautaborg dagana 7, 8 og 9 maí s.l. Í Sveitakeppninni í Kumite kepptu alls 15 sveitir. Sigruðu Hollendingar sveitakeppnina í kumite karla. Annars urðu úrslit þessi.;

Sveitakeppni í kumite karla..... Holland
Fl. -60 kg..... Marques - Sviss
Fl. -65 kg..... Cebolla - Spánn
Fl. -70 kg..... Aguado - Spánn
Fl. -75 kg..... Amillo - Spánn
Fl. -80 kg.... Pitinella - Frakkl.
Fl. 80- kg.... Atkinson - Engl.
Opin Fl..... Charles - Engl.

Úrslit í Kata.;
Einstaklingskata karla..... Fischer - Frakkl.
Einstaklingskata kvenna..... V.M. Roman - Spánn
Hópkata karla..... Italia
Hópkata kvenna..... Svíþjóð

Ath. Eitt norðurlandanna komst í fyrsta sæti þ.e. Hópkata kv.




ÆFINGABÚÐIR I ÞÝSKALANDI.

Undirritaðri, sem stödd var í Þýskalandi í sumar hauðst það einsteða tækiferi að fara á æfingabúðir ásamt Claudio Harfst, sem margir kannast við, en var stödd hér é landi í vor. Æfingabúðirnar voru í Trier (borg í Suð.-Þýs.) dagana 26-31. júlí. Vennarar voru Knoeda, Ochi (landliðsbjálfari), Fujinaga og Yamada (Goju-Ryu). Yfir 1000 manns tóku hátt í æfingabúðunum allsstaðar af lardinu. Flestir voru á tjaldstræni við bainn en ég og Claudio fengum inni hjá skyldmennnum hennar í 300 ára gömlum bónda bæ í négrenni Trier. Æfinnar fóru fram tvívar á dag og var skipt í flokka eftir gráðum. Í minnum flokki æfðu 4. og 5. kyu saman og voru þeð um 200 manna. Við vorum alltaf til skiptis með þjálfara og lærðum m.e. Goju-Ryu kötu hjá Yamada. Farið var mjög vel í gráðunarkröfurnar okkar

en kröfurnar þarna eru einfaldari. Próf áttu að vera í lok æfingabúðanna en hví miður gat ég ekki verið út búðirnar. Eftirtektarvert fannst mér að allir niður í 7.-8.kyu virtust kunna allar hinarr hærri kötur (Bassai Dai o.fl.). Þetta var mjög skemmtilegt og lærði ég margt þó aðallega kata og fannst mér ég ekkert standa hinum þýsku karatebraðruri mínum að hakki.

-H.H.-



1. kyu flokkurinn á æfingabúðunum

FALL ER FARARHEILL...

...hefur eiginmaður Christl Weiss hugsað með sér þegar hin 66 ára gamla kona hans fór í æfingabúðir í Forchheim og ætlaði að taka 5. kyu. Æfingabúðirnar voru undir stjórn Horst Handel landliðsbjálfara í Þýskalandi. Maðurinn hafði nefnilega veðjað við konu sína 10 kampavínsflöskum þegar hún tók 6.kyu og hélt að hún myndi aldrei ná bessu prófi. En viti menn, kerling gerði sér lítið fyrir og stóðst prófið með glæsibragi.

Christl, sem er fyrrverandi skólastýra hefur eft karate í 4 ár. Prófdómarinn H.Handel var sjálfur alveg vfir sír hissa á leikni Christl og sagði að bessi hvíthærða kona væri dæmi um hvað mikla möguleika bessi fbrótt gefur. Ef einstaklingar eru vel hraustir líkamlega þá er ekkert hví til fyrirstöðu að mæfa karate fram á ellíár. Aðeins betta að lokum: Frú Weiss tók hátt í öllum æfingum(2á dag) á æfingabúðunum fvrir prófið og daginn eftir var hún aftur mett á fullu - gamstrott mörgum karateiðendum sem hefðu setað verið hörn hennar og barnabörn. Frábart afrek, ekki satt:

býtt úr býs. karatebl.



Christl Weiss 5.kyu

SPURNING BLAÐSINS.

Fréttamaður KB fór á nokkrar æfingar hjá Shotokan félögunum og spurði tvær spurningar í sekkleysi án þess að kynna sig nokkuð.

Til hvers æfirðu karate? sem við köllum a. og hvað gerirðu ef á þig er ráðist? sem við köllum b.

Pjetur Rakari SKF 7.kyu:

- a. Til að byggja andlegt atgerfi og hreysti.
- b. Reyni að rós manninn niður og labba burt ef ég get.

Agust Österby. SKS 6.kyu:

- a. Mér til heilsubótar og á nægju.
- b. Note sjálfsvörn.

Halldór Agústsson. Gerplu 7kyu:

- a. Eg hef bars áhuga á þessu.
- b. Reyni að verja mig.

Evar Þorsteinsson. form.Gerplu:

- a. Skemmtileg íþrótt og atla að vera bestur eftir tvö ár.
- b. Hleyp í burtu ef ég get.

Gísli Klemenzson. SKF. 1.kyu:

- a. Til að safna medalium.
- b. Sýni medalíurnar.

Sigurður Ólafsson. SKF. 4kyu:

- a. Mér til skemmtunar og heilsubótar.
- b. Það fer eftir því hveð beir eru margir.

Andrés Sigurbergsson.SKF. 7kyu

- a. Mitt einkamál.
- b. Það er líka mitt einkamál.


Arnar Ólafsson. SKF 8kyu:

- a. Til að geta lamið gamlar kerlingar, en það gat ég aldrei áður.
- b. Hleyp.

Svörin við þessum spurningum gefa lítið til kynna nema hugmyndarafl mannanna sem svara, því það getur varla verið að nokkur maður vilji berja gamlar konur.

Ekki eru öll svörin þannig, því sumir fengu smá umhugsunarr frest svo við skulum ekki kippa okkur neitt upp.
Það má geta þess að svipbrigði manna urðu allt önnur þegar fréttamaður sagði í hvaða tilgangi hann spurði.

P.A.



VORMÓT S.K.S.I.

Vormót S.K.S.I. var haldið hinn 28. mars síðastliðinn í 1þróttahúsi Gerplu í Kópavoginum. Mótið hófst kl. 1.00 og stóð til 3.30. Áhorfendur voru um 60 talsins. Keppendur voru úr bremur félögum: SKF, KDG og KFS en flestir voru úr SKF. Aðaldómarrar voru Karl Gauti Hjaltason 1.kyu SKF og Þórður Antonsson 2.kyu SKF. Aðstoðardómarar voru beir Gisli Klemenzson 1.kyu SKF, Karl Sigurjónsson 1.kyu SKF og Sveinbjörn Imsland 2.kyu KDG. Kept var í kata kvenna, kata karla, hópkata og kumite. Helstu úrslit urðu sem hér segir:

Kata Kvenna:

1. Hjörðís Harðardóttir SKF
2. Elín Eva Grímsdóttir SKF
3. Sandra Grétarsdóttir SKF

Kata Karla:

1. Hreiðar Gunnlaugsson SKF
 2. Evar Þorsteinsson KDG
 3. Sveinn Grímsson SKF
- Hreiðar og Evar urðu jafnir að stigatölu og urðu að keppa aftur. Vann þá Hreiðar en hann sýndi Bassai Dai.

SÝNING 10. OKT

Sunnudaginn 10. okt sl. gengust öll Shotokan Karatefélögin fyrir heljar mikilli sýningu í Laugardalshöll. Þá um kvöldið var Evrópuleikur FH og Rússnesk liðs í handbolta og man ég hvorki nafn Rússneska liðsins né úrslitin. Sem sé við sýndum parna í hálfleik frammi fyrir fullri höllinni.

EKKI leist okkur Karatemönnum á þau gífurlegu skríslæti og dýrseðli handboltaunnenda sem sýndi sig í að baða út öllum öngum, öskra, blása í lúðra og lá jafnvel við slagsmálum á stundum. Við karatemenn lætum sem minnst á okkur bera til að vera ekki étnir lifandi ef við yrðum til að gera eitthvað sem ekki var leyfilegt á handbolta-leik. En allt virtist leyfilegt ínná velli sem utan ef haldið var með réttu liði.

Þá var komið að hópkata. 5 lið tóku þátt í keppninni, 3 frá SKF og 2 frá Gerplu.

Hópkata:

1. Evar Þorsteinsson
Ulfar Guðmundsson KDG
Guðmundur Halldórsson
2. Hjörðís Harðardóttir
Sandra Grétarsdóttir SKF
Elín Eva Grímsdóttir
3. Árni G. Vigfússon
Hreiðar Gunnlaugsson SKF
Konráð Sigurðsson

Svo fór að liðin tvö frá SKF urðu jöfn að stigatölu. Í úrlitakeppni sigruðu síðan stílkurnar.

Þá var komið að Kumite. Keppendur voru 13 frá 3 félögum, þar á meðal ein stelpa. Eftir spennandi keppni urðu úrslit þannig:

1. Sveinn Grímsson SKF
2. Víkingur Sigurðsson SKF
3. Árni G. Vigfússon SFF
4. Guðmundur Halldórsson KDG

Heildarstigakenpni félaganra:

SKF	3gull	3silfur	4brons	alls	45.5
KDG	1	-	1	-	0
KFS	0	0	0	-	13.0

KFS	0	0	0	-	1.5
-----	---	---	---	---	-----

* * *

Loks var komið að sýningu okkar og tókum við fyrst til við Kata, þá var strax byrjað að úa á okkur og nokkrir sukku niður í gólfíð. Ekki er að undra að begar svona brjálaðir áhorfendur sem horft hafa á geysilegt ofbeldi í leiknum sjá jafn friðsamlega sýningu og Kata.

Síðan tóku þeir sem yngri eru en 12. ára við og sýndu aðra Kata, þá sljákkadí heldur í frumskóginum, en síðasta atriðið var kumite-sýning sem tókst mjög vel og var mikið klappað og mun meira begar andstæðingurinn fékk harða útreið.

Eftir á að hyggja þarf helst blóðug slagsmál til að gera handboltaunnendur ánægða, svo blóðþyrstir eru þeir, svo eru sumir að segja að Karate sé ofbeldisíbrótt. Sýnendur voru 37. Frá SKF 15, Gerplu 17 og 5 frá Selfossi. Áhorfendur voru 3117 FH-ingar.

AÐSKOTADÝR.

Er það af einskærrí forvitni, ótakmörkuðum áhuga, aðgerðarleysis eða sem sannur meðlimur félagsins að þú setur þig í vissar stellingar og lest bessa aumu grein. Í hreinskilni elsku félagi bið ég þig að hætta nú þegar áður en þú ælir í sautján metra boga og tárin taka að streyma niður kinnar þér. Áþessari vesælu grein er nefnilega ekkert að græða, hún svalar hvorki áhuga þínunum né forvitni og sem sannur meðlimur félagsins þarftu ekkert að skammast þín og fara í felur þó að þú hættir nú þegar lestrinum. Fáðu þér heldur einn léttan, ég mæli með ávaxtasafa, eða skelltu þér heldur í sund sem lausn við aðgerðarleysinu, sundfötunum geturðu jafnvel sleppt þá hefurðu nóg fyrir stafni. Ég þekki einn sem fór að ráðum mínum hann er alltaf með eina í dag og aðra á morgun og líf margra þeirra hefur hann nú þegar á samviskunni. Ég er aumingi með sjö hor, augun grá og útistandardiog horfa alltaf í átt til hvors annars nema það að þau sjá ekki hvort annað fyrir nefinu. Ég er einn af þessum leiðinlegu þú veist, sem þjást af mikil-mennsku brjálæði og á sér þann innsta draum að komast í sjónvarpið. Hversu oft hefur þú ekki neyðst til þess að setjast niður og lesa eitt-hvað sem þér kligjar af við-bjóði við og fær þig til þess að froðufella af ákafa. Ef þú ert ekki þegar hættur lestrinum notaðu þá tækifærið áður en allt verður um seinan, þessar veiku línur valda þér varan-legu þunglyndi, magakveisu af versu gerð og óstöðvandi vind-verki.... Mér er sjálf sagt óhætt að halda áfram, þú ert örugglega hættur lestrinum ef ekki áttu skilið að sökkva í tjörudíkið og deyja með harm-kvælum.

Ég fyllist viðbjóði, brjóst

mín falla þunn og slepjuleg utan á kafloðinni bringunni og fell-ingarnar á maganum titra í takt við hjartslátt minn. Svo satt sem ég sit hér alls nakinn eins og föðurlegur engill neyddist ég í raun og veru af eintómri góð-vild og smeðjusemi að skrifa þessa óskemmtilegu grein. Ég er haldinn þeim óviðráðanlegum draumi að vera tekinn sem einn af hópnum þar sem að sjálfsöryggi mitt yrði borgið fyrir fullt og allt..... Ég sit hér sem djöfullinn sjálfur holdi klæddur, froðufellandi með ístruna og rassinn lafandi sitt hvoru megin við stólinn. Mér er sjálf sagt óhætt að leysa frá skjóðunni er ég efast um að nokkur kjaftur sé svo vitlaus að hafa haldið áfram les-trinum..... Ég veit eiginlega ekki hvernig ég fer að því að æla þessu út úr mér, við erum þannig mennirnir hræddir við almenings-áliði, þú veist hvað ég meina, það biður alltaf eftir því að eitt-hvað fari úrskeiðis.

Ég er sannur félagi en von-laus fyllibytta og eftir hverja æfingu leita ég til heimilislæknis-ins í þeirri von um að hafa smit-ast af ólæknandi fótavörtu. Satt að segja gekk ég í félagið í þeirri von að losna við blóðmörkskeppina en það fauk jafnóðum út í veður og vind. Einkalíf mitt var í óreglu og meirihlutinn af æfing-unni fór í það að halda uppi virðingu félagsins með því að láta sem minnst á mér bera. Byrjunin var erfiðust, ég fann brjálæðið grípa um mig, blóðið spratt undan nöglunum, andlit mitt afskræmdist og tennurnar tóku að losna. Báðir fætur á mér stokkbólgnir enda barist upp á líf og dauða vegna pláss-leysis því mottó félagsins er "virða skaltu náungann eins og sjálfan þig..." Kennarinn var í þunglyndiskasti og gerði rifu á annað augað og horfði með ógleði á okkur aumingjana sem stóðum þarna rangeygð og boruðum nefið niður í hálsakot. Hann tók hina og þessa úr hópnum, stakk hendinni ofan í kok og drog þaðan stærðarinnar tyggjóklessu, barði síðan úr þeim

liftóruna og fleygði þeim síðan út í horn. Já þannig var reynslan míni fyrst um sinn, kennarinn greinilega upprennandi glæpon enda leið mér eins og tekinn til fanga af mannætum. Þannig þokuðust æfingarnar smá saman áfram til æ meiri þroska, tekin voru próf og nú kunnu allir að fara

með faðirvorið. Allur úr lagi enginn, gormæltur, smámæltur og flámæltur lærðist mér sannur félagi að það sem máli skipti var ekki ég sjálfur heldur umbúðir mínar. Já með sanni áttu skilið lesandi góður að sökkva í tjöru-díkið og deyja með harmkvælum.

Nýliðinn.

GRÁÐANIR.

Á næstunni mun Karate blaðið birta list yfir helstu gráðanir í Shotokan Karate á Íslandi, fyrst um sinn þá sem hlotnast 6. kyu eða hærra. Hér eru tiundaðar gráðanir allt frá því í prófi sem Martin Burkhalter hélt hér í febrúar s.l. Í þessum lista eru ekki tilteknar T-gráður.

Gráður	dags.	nafn	fél.	prófd.
6. kyu.	11/4	Ævar Þorsteinsson	Gerplu	Steve Cattle
	11/4	Anton Kristinsson	SKF	Steve Cattle
	11/4	Úlfar Sigurðsson	Gerplu	Steve Cattle
	11/4	Ágúst Ósterby	Selfoss	Steve Cattle
	11/4	Valdimar Baldurss.	Selfoss	Steve Cattle
	10/7	Kjell Tveit	Gerplu	Karl Gauti
	10/7	Ívar Ottóson	Gerplu	Karl Gauti
	26/9	Víkingur Sigurðss.	SKF	Ólafur W & Gauti
	26/9	Helgi Jóhannesson	Gerplu	Ólafur W & Gauti
	26/9	Hólmar Stefánsson	Gerplu	Ólafur W & Gauti
	26/9	Oddur Sigurðsson	SKF	Ólafur W & Gauti
	26/9	Ómar Örn Tryggvas.	SKF	Ólafur W & Gauti
5. kyu.	11/4	Elís Kjartansson	Selfoss	Steve Cattle
	11/4	Elin Eva Grímsdótt.	SKF	Steve Cattle
	11/4	Árni G. Vigfússon	SKF	Steve Cattle
	18/6	Hreiðar Gunnlaugss.	SKF	Steve & George G.
	10/7	Ævar Þorsteinsson	Gerplu	Karl Gauti
	10/7	Jakop Árnason	SKF	Karl Gauti
4. kyu.	11/7	Elís Kjartansson	Selfoss	Karl Gauti
	26/9	Sigurður Ólafsson	SKF	Ólafur W & Gauti
2. kyu.	7/2	Pórður Antonsson	SKF	Martin Burkhalter
Sho-dan.	15/9 "81	Ólafur Wallevik	SKF	Enoeda
	17/6 "82	Karl Gauti Hjaltass.	SKF	Steve C & Bob R.
	10/9 "82	Sveinbjörn Imsland	Höfn	Enoeda

TIL
HAMINGJU !

»k~b«

Brandarar !!



„Pabbi, hvað er kynskiptingur....?“




Mér þykir þetta leitt en ég fann engar aðrar leiðslur.

*

Lappadrengur var kallaður í herinn og var sendur til suður-Noregs. Suðurlendingar ætluðu að gera grín að Lappanum og spurðu hvað þeir gerðu í Finn-mörk, þegar þeir ætluðu að grafa lik að vetrinum, þegar jörð væri gaddfreðin.

„Jú við setjum bara þann dauða út í nokkra klukkutíma þar til hann er gaddfreðinn, þá hvöggvum við hann til að neðanverðu og svo rekum við hann niður með sleggju, — eins og þið gerið við girðingastaura.“




Tilkynnt við uppboðið:

„Einhver hér í salnum hefur týnt seðlavæskinu sínu með 10.000 krónum í.“

Það var þögn dálitla stund svo heyrðist úr salnum:

„Ég býð 3000....“



*



„Sjáið nú til. Allt sem ég gerði var að tilkynna að hann væri týndur. Ég bað ykkur ekki að finna hann....!“



Bessi hefði nú varla getað gerzt hér á Íslandi, en við látum hann samt flakka með:

Nirfillinn ók upp að benzinstöð og heimtaði þrijá lítra á skrifjóðinn.

— Gott og vel, þú ert þá sá síðasti, sem ég sel það á gamla verðinu, sagði afgreiðslumaðurinn.

En þá horfði málið allt öðruvísi við.

Þá vil ég fá fullan tank! hrópaði nirfillinn.

Hann fékk fullan tank og borgaði með ánægju.

En svo vildi hann endilega fá að vita, hvað hann hefði grætt mikið, svo að hann spurði afgreiðslumanninn:

— Hvað hækkaði það mikið í þetta skiptið?

— Hækkaði? Það lækkaði um krónu líterinn!

<

Bill nokkur var stöðvaður af lögreglunni á hraðbrautinni. Lögregluþjónninn sagði við bílstjórann:

„Þú ert heppinn maður! Þú vannst 10 þúsund krónur! Hvað ætlar þú að gera við penningana?“

„Tja, ætti ég byrji ekki á því að taka mér bílpróf!“ svaraði ökumaðurinn. Þá heyrðist í konu hans við hliðina:

„Blessaður maður trúðu honum ekki, lögregluþjónn. Hann er dauðadruckinn!“

Þá umlaði í heyrnalausa afanum í aftursætinu:

„Sko, ég vissi að við kæmumst aldrei langt á stolnum bíl....!“

Og þá þrumaði dimm rödd í skottinu:

„Erum við komin yfir landamærin....?“

>



KIMEWAZA.

Kimewaza er klúbbur einn starfandi hér í Reykjavík með aðstöðu sína í Brautarholti 18. Margt hefur verið á huldu um starfsemi þessi og hótti því ritstjórn tilvalið að taka viðtal við þá félaga í klúbbnum og reyna að kynna-ast starfseminni betur. Viðmælendur okkar voru heir Guðni Guðmundsson og Guðmundur Bogason.

Sp: Hvað er Kimewaza?

Guðm.: "Bardagalista"

Sp: Óg hver er tilgangurinn?

Guðni og Guðm.: "Kimewaza er fyrst og fremst andlegt kerfi, 70% andlegt myndum við telja. Við erum að reyna að fá nýja vídd í hugtakið hreyfing, reyna að komast að hví hvað vekur hreyfingu og hver tengslin eru á milli hreyfinga. Við leggjum mest áherslu á andlegu hlíðina og má segja að við seum að reyna að endurvekja hugmyndir frá því í gamla daga frá því að bardagalista fór að þróast í Japan og Kína. Þá voru menn að pæla í því hvað vakti þessa hreyfingu t.d. þegar heir kylðu eða spörkuðu.

Kimewaza er algjör einstaklings-íþrótt, einstaklingurinn verður að bróa sic sjálfur, leita að eigin stíl."

Sp: Þn hvernig hófst betta og hvaðan er betta kerfi upphaflega komið?


Guðri og Guðm.: "Frumkvöðlarnir eru Haukur og Hörður Harðarsynir. Þeir hófu júðó-iðkun 16 ára gamlar og voru hálfærð undrabörn ef svo má segja er heir ráðu svarta beltinu eftir aðeins árs hjálfs-ur. Úpp úr því fóru heir síðan að bróa sic sjálfir os skapa eigin stíl en um ór því verður kerfið Kimewaza til."

Sp: Þn hvað lýðir þá betta orð, Kimewaza?

Guðni: "Kimewaza er hugtak í júðó or tálmer einstakling sem er kominn með svart belti í júðó og fer að bróa sinn eiginn stíl."

Sp: Þn hvernig kennið bið þá betta?

Guðm. og Guðni: "Fernslan skiptist í tvö þætti, hreina vörn og hreina árás.



MERKI KIMEWAZA.

Byrjendum er fyrst kennd undirstaðan sem eru varnir, spörk o.fl. svipað og í karate, en síðan verður einstaklingurinn að bróa sig sjálfur, skapa eigin stíl. Því verða margir fyrir vonbrigðum er beir sjá engan árangur og hætta."

Sp: Þn eru einhver beltakerfi eða gráður hjá ykkur?

Guðm.: "Já, já. Það skiptist í brons, silfur og gull. Bronsinu tekur 2 ár að ná, silfrinu 4 og gullinu 6 ár. Kimewaza hefur verið kennt síðan '76 og til 1980 hafa u.p.b. 50 nemendur tekið brons. Það er það lengsta sem komið er enn."

Sp: Hverjir eru aðalkennrarar?

Guðm. og Guðni: "Haukur og Hörður en í tvö ár fra '80-'82 hafa þeir ekert kennt og höfum við þá séð um kennslu ásamt fleirum en nú eru þeir byrjaðir aftur. A þessum tveimur árum hefur ekki verið kennt Kimewaza en haldin námskeið í Kung-Fu, sjálfsvörn o.fl."

Sp: Nú er til Kung-fu flokkur í Keflavík er hann eitthvað afsprengi ykkar?

Guðni: "Já, að vissu leyti. Við stofnudum einu sinni klúbb í Njarðvíkum, en gáfumst fljótt upp á því vegna þess að petta var svo langt í burtu

og erfitt var að senda alltaf kennara. En, sem sagt fyrstu nemendur okkar barna í Njarðvíkum eru í þessum flokki.

Sp: Þessi vopn sem bið eruð með hvaðan koma þau?

Guðm. og Guðni: "Petta er sér-fyrirbrigði innan Kimewaza en aðaláhöldin eru Palo, Monika og Shita. Tvíburarnir hafa sjálfir búið til nöfnin á þessu en japönsk nöfn yfir varnir og spörk höfum við reynt að íslenska að mestu leyti."

Sp: Hvernig er með hreyfilist hvað er það?

Guðm.: " Kimewaza er eiginlega dulmál fyrir hreyfilist, annars me gum við nú ekki fara mikið út í betta. En hreyfilist er eitt af því sem við höfum verið að þróa með okkur sjálfir. Markmiðið þar og reyndar í Kimewaza er að láta hugann flæða og láta hreyfingarnar koma af sjálfu sér.

Pegar þú ert á móti manni þá byggirðu upp vissa innlifun, það er eins og þú finnir allit umhverfið og eins og að það séu bylgjur kringum hann. Pegar hann ætlar síðan að gera árás þá finnurðu það áður, þegar bylgjurnar breytast. Petta getum við aðeins notfört okkur segn hvor öðrum eða öðrum félögum okkar í klíbbnum, segn manni sem við bekkjum ekki getum við ekki notað þessa tækni."

Sp: En hvað með Kiza-flokkinn?

Guðm. og Guðni: "Já, það er ein-göngu sýningarflokkur. Þvínið er fengið úr tveim fyrstu stöfunum í Kimewaza og síx-ustu. Við spurðumst fyrst fyrir um að halda sýningar og síðan þróaðist það upp í það að fleiri og fleiri fóru að biðja okkur um að halda sýningar. Petta var upphaflega til þess ætlað að kynna Kimewaza. Petta er sem sagt ein-göngu tækni sem við höfum þróað sem sýningarátriði. Við æfum aldrei fyrir sýningar heldur látum petta ráðast. Eins og fólk hefur séð sem hefur séð þessar

sýningar þá byggist betta mest upn á einskonar gervislagsmálum svipað og í bíómyndum en við getum sýnt allt frá háfagurfræðilegum slagsmálum til grófra slagsmála. Við hað harf sértekni einsog við að láta kjaftshögg líta út sem alvörukjaftshögg og einnig harf sérstaka bremsutækni-láta höggið stöðva á réttum stað."

Sp: Hafið bið Freestyle?

Guðm. og Guðni: "Nei, en við höfum svokallað Free-fighting en þar er fyrirfram ékveðið hvað er gert. Við höfum orðið varir við að svoltiils misskilnings hefur gætt sérstaklega hjá karatemönnum. Þeir hafa viljað berjast við okkur, 'sjá hvað við getum' og hafa margir komið hingað til að sanna að betta sé bara rugl sem við erum að gera. KFR-ingar komu hingað einu sinni með men i fararbroddi. En við viljum ekki berjast, við burfum ekki að sanna eitt eða neitt."

Sp: Hver finnst ykkur vera munurinn á Kimewaza og Karate?

Guðni og Guðm: " Okkur finnst karate hafa misst svo mikið niður andlegu hliðina og of mikil áhersla lögð á freestyle. Einnig hefur verið mikið talað um að það vanti aga hjá okkur. En við höldum því fram að einstaklingurinn verði að þróa sig sjálfur en ef fólk fer út fyrir efnið þá kemur að siálfsgöðu agi til."

Sp: Viljið bið segja eitthvað að lokum?

Guðni og Guðm: "Já, okkur langar að hafa meira samstarf við önnur bardagalistarfélög á landinu s.s. júdó og karate, við höfum reynt samstarf en höfum alltaf burft að slást og orðið hvekktir. Okkur finnst að við ættum að geta starfað meira saman við byggjum jú öll á sama grundvelli."

-H.H.-



HAUKUR OG HÖÐUR

CLAUDIA HARFST.

Claudiu pekkja flestir SKF-félagar en til glöggunar fyrir aðra þá var Claudia hessi stödd hér á Íslandi í 2 mánuði í vor. Hún er frá Íslandi en fékk styrk til að koma hingað vegna náms síns en hún lærir Germönsk fræði við háskólanum í Bochum og er með íslenskar fornsgögur að valgrein. Margt annað er Claudiu til lista lagt m.a. hefur hún lagt stund á karate og var atlunin að spryja hana aðeins nánar út í það og fræðast aðeins um karate í Íslandi.

Sp: Hvenær byrjar þú að rífa karate og af hverju?

Claudia: "Eg byrjaði nú á því að rífa júðó í 3 mánuði en líka ekki nógu vel. Eg bekkti mann sem æfir karate og ákvæð að prófa. Það var 1976 og hef ég æft alveg síðan og náið 1.kyu fyrir 3-4 mánuðum síðan. Eg hef líka haft áhuga áður á heimspeki eða andlegu hlið karate. Mér finnst karate vera mjög alhliða íþrótt, æfir alla vöðva og um leið góð sjálfsvörn." Klúbburinn sem Claudia æfir í heitir "Dojo Bochum" en Bochum er heimahær hennar. Aðalbjálfarar eru Franz Bork 5.dan og Bernd Milner 4.dan og Elisabeth Harmel 2.dan. Flestir hafa klúbba með svona hátt gráðaða bjálfara en í öllu Íslandi eru 20 manns með 4.dan.

Sp: "Hvernig stendur þú á því að bið hafið svona góða bjálfara í Bochum?"


Claudia: "Segja má að uppruna karate í Íslandi sé að leita til Bochum. Þar var fyrsti raunverulegi klúbburinn. Franz og Bernd hafa báðir verið í landsliðinu og Franz er margfaldur meistari í Íslandi. Hér áður fyrri var bara fólk úr Bochum í landsliðinu." 3 klúbbar eru í Bochum en hennar er sá stærsti, 20 félavarar.

Sp: Þú aðrir stílar en Shotokan íthreiddir í Íslandi?

Claudia: "Shotokan er langið breiddastíllinn, síðan koma Tae-kwando, Wado-Ryu og Goju-Ryu. Eg get komið með nokkrar tölur í því sambandi. Í DKV (Deutscher Karate Verband) eru 51.000 manns en það eru allir þeir sem rífa karate í Íslandi. Innan þess eru t.d. Goju-Ryu með 1000 manns. Innan DFV eru síðan önnur smarri sambönd, þeirra stærst er DKB með 25.000 en minn klúbbur tilheyrir því. Aðalbjálfari DKB er Hideo Ochi 6.dan. Síðan hefur kona hans Tomi Ochi 3.dan verið með sér kvennahösp (3.kyu og yfir) sem hún kennir aðra hvorja viku. Síðan eru eins og sér kvenna afingabúðir eina helgi annan hvorn mánuð."

Sp: Hvað vilt þú segja um konur í Karate?

Claudia: "Já, eg tel að konur þurfi að berjast hvor á móti annarri. Haldnar hafa verið sér kvennakeppnir í Kumite sl. 2-3 ár og það lítur mjög



Elisabeth Harmel t.v.

vel út. Elizabeth Harmel er mjög góð og hefur hún verið algjörlega ósigrandi í keppnum (sjá mynd). Konur eru farnar að láta mikið á sér bera í karate og sýna það og sanna að karate er ekki íþrótt bara fyrir karlmanni"

"Eg vil fá að segja að lokum að ég þakka fyrir þér góðu móttökur sem bið hafið sýnt mér og vonast til að komast bráðum aftur til Íslands."

shito-ryū.

15

